

Bæjarstjórn Garðabæjar
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorg 7
210 Garðabæ

Kópavogi 10.05.2015

Efni: Vegprestar – fræðsluskilti

Sem yður er kunnugt þá leitaði reiðveganefnd hestamannafélagsins Spretts eftir stuðningi sveitarfélaganna Kópavogs og Garðabæjar við gerð vegvísa og fræðsluskilta á félagssvæði félagsins. Stuðningur við verkefnið fékkst hjá báðum sveitarfélögunum, tilgangur með bréfi þessu og meðfylgjandi myndum er að gera grein fyrir framvindu verksins.

Settir hafa verið upp 18. vegprestar með samtals 48. vegvísunum auk tveggja fræðslu- og upplýsingsskilta. Mikil sjálfböðavinna reiðveganefnarfélags liggur að baki uppsetningu vegvísa og fræðsluskilta. Auk þess sem hönnun vegvísa og fræðsluskilta er unnin í sjálfböðavinnu undirritaðs og Sæmundar Eiríkssonar formanns reiðveganefnar í Kjalarnesþingi hinu forna. Á hverjum vegpresti eru númer frá 1 til 18, þeir eru einnig gps hnitsettir. Áningastaðir sem eru á félagssvæðinu hafa verið nefndir eftir örnefnum í næsta nágrenni og hnitsettir. Allar reiðleiðir á svæðinu eru hnitsettar, þær ásamt vegprestum og áningastöðum eru í kortasjá Landssambands hestamannafélaga (LH) sem sjá má á slóðinni www.lhhestar.is Reiðleiðaferlar úr kortasjá LH ásamt hnitum vegpresta og áningastaða hefur verið afhent Neyðarlínunni ohf til uppsetningar í gagnagrunn 112.

Komi til þess að slys eða óhapp verði er nóg að gefa upp t.d. ég er við vegprest nr. 11 eða ég er við áningastað Selgjá, þá á Neyðarlínan að hafa nákvæma staðsetningu viðkomandi.

Sem fyrr getur eru fræðsluskiltin tvö, annað er staðsett í Gjármótum, áningastað hestamanna á mótum Búrfells- og Selgjár, hitt er staðsett í áningastað hestamanna við Vatnsvík skammt frá Þingnesi.

Á fræðsluskiltunum sem eru um 70 x 80 cm. er reiðvegakort þar sem merkt er „þú ert hér“ og lýsing á reiðleiðum frá þeim stað, auk þess eru leiðbeiningar til hestamanna um umgengis og umferðarreglur. Þá er einnig að finna smá fróðleik um svæðið og næsta nágrenni. Á skilti við Vatnsvík eru fengnar upplýsingar af heimasíðu Kópavogsbæjar og í Gjármótum eru upplýsingar fengnar af heimasíðu Ferla um Búrfell, Búrfellsgjá og Búrfellshraun. Ferlar eru hella rannsóknarfélag undir stjórn Ármanns Smára Óskarssonar.

Á vegvísunum sem eru 15 x 75 cm eru yfirleitt tvö nöfn, efra í næstu gatnamót eða áningastað og neðra í endapunkt reiðleiðar ásamt lengdum í km.

Sem fyrr greinir þá liggur mikil sjálfböðavinna að baki, leitað var ávallt hagstæðustu tilboða ásamt því að kunningjaskap var beitt til hins ýtrasta til að ná góðum verðum. Heildarverð á 18. vegprestum með 48. vegvísunum og tveim fræðsluskiltum er kr. 1.227.424,- með vsk. Þannig að til eru peningar fyrir tveim fræðsluskiltum og fáeinum vegprestum til viðbótar.

Önnur hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu eru að leita stuðnings sinna sveitarfélaga við sambærilegt verkefni og að amk. eitt byrjar framkvæmdir á sínu svæði í ár.

Bestu kveðjur og þakkir fyrir stuðning við verkefnið.

f.h. reiðveganefnar Spretts

Halldór H Halldórsson



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Vatnsvík



Reiðleiðir og örnefni á Kjóavollum og nágrenni



Þú ert hér



Hestagerði, áning



Reiðstigur



Fylgimugabur reiðstigur

Velkominn í áningastaði við Vatnsvík.

Áður en miðlunartífla var reist við Elliðavatn á árunum 1924 - 25 skipti Þingnes, sem gengur út í vatnið að sunnanverðu, vatninu í Vatnsendaavatn og Elliðavatn. Þá var vatnið um helmingi minna en nú. Með tilkomu stíflunnar stækkaði vatnið og er það nú 1,8 km² að flatarmáli.

Reiðleiðir:

Reiðleiðir frá Vatnsvík greinast til suðurs upp á Hríshól þar sem reiðleiðin greinist áfram á Vatnsendaheiði eða um Tungustíg og Hjalla í Hjalladal og Gjármót.

Til vesturs sunnan Vatnsendaavatns um Vatnsendahlíð á Kjóavelli félagssvæðis Sprettis eða áfram vestan vatns á reiðleið sem liggur á félagssvæði Fáks.

Til norðurs liggur reiðleiðin með Elliðavatni og hjá Rauðhólum um

Almannadal og á Hólmsheiði. Af Hólmsheiði liggja reiðleiðir áfram norðan Úlfarsfells á félagssvæði Harðar eða í Mosfellsdal og til Þingvalla, einnig til austurs meðfram Nesjavallaaði til Nesjavalla. Sunnan Rauðhóla greinist reiðleið til vesturs á félagssvæði Fáks eða hringleið um Elliðavatn. Frá Almannadal liggur reiðleið til vesturs að Rauðavatni eða til austurs meðfram Suðurlandsvegi.

Kjalarnesþing hið forna:

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs liggja um Þingnes sem gengur úti í Elliðavatn að sunnanverðu. Rétt austan við mörkin eru tóftir sem búið er að rannsaka. Tóftirnar eru á minjaskrá. Talið er að Þingnes sé hinn forni þingstaður Kjalnesinga. Nesið hét áður Krossnes en örnefnið Þingnes er frá fyrri hluta 19. aldar þegar Jónas Hallgrímsson gróf í rústinar. Hann fann á annan tug búða og tvo steinhringi en þeir gætu hafa verið dómhringir, hof, lítil kirkja eða fjárborgir. Þingnes er friðlýst samkvæmt þjóðminjalögum.

Umgengnisreglur:

- Fylgjum merktum reiðleiðum.
- Skiljum ekki eftir rusi á víðavangi.
- Hlífum gróðri eins og kostur er.
- Förm varlega með eidd.
- Hestamenn vikja til hægri á reiðleiðum.
- Rekstur er bannaður í þéttbýli.
- Teymum ávallt hægna megin.
- Höfum að hámarki þrjá til reiðar.
- Höfum lausa hunda ekki með í för.
- Reiðhjálmar eru sjálfsögð öryggístæki.
- Sýnum fyllstu tillitssemi.

Gjármót



Reiðleiðir og örnefni á Kjóavollum og nágrenni



Pú ert hér



Hestagerði, áning



Reiðstigur



Fyrirhugaður reiðstigur

Umgengnisreglur:

- Fylgjum merktum reiðleiðum.
- Skiljum ekki eftir rusi á víðavangi.
- Hlífum gróðri eins og kostur er.
- Förm varlega með eidd.
- Hestamenn vikja til hægri á reiðleiðum.
- Rekstur er bannaður í þéttbýli.
- Teymum ávallt hægri megin.
- Höfum að hámarki þrjá til reiðar.
- Höfum lausa hunda ekki með í för.
- Reiðhjálmar eru sjálfsögð öryggistæki.
- Sýnum fyllstu tillitssemi.

Velkomin í Gjármót sem er á mörkum Búrfellsgjár og Selgjár. Gjármótum var úthlutað sem áningastað til hestamanna árið 1998 og kom í stað Gjárréttar í Búrfellsgjá sem er á náttúrumínum- og fornleifaskrá. Þá eru Búrfell, Búrfellsgjá og Búrfellshraun friðlýst.

Reiðleiðir:

Til suðurs frá Gjármótum liggur reiðleið hjá Smyrlabúð og á svæði Sörla í Hafnarfirði. Reiðleiðir greinast einnig um Kaldársel til Krísuvíkur, Vigdísarvalla og Grindavíkur. Til norðurs liggur reiðleiðin um Hjalladal, Þverhjalla og Hjalla áður en komið er að Tungum og áfram að Vatnsvík. Á þessari leið greinist reiðleiðin til vesturs við Hjallaklif og liggur niður með Vífilstaðahlíð á Elliðavatnsvog. Einnig greinist reiðleiðin við Tungur til vesturs á Vatnsendaheiði og til Kjóavalla, félagssvæðis Sprettis.

Gjárrétt:

Vestast í Búrfellsgjá er Gjárréttin, grjóthlaðin fjárrétt. Álfataneshrepps byggð úr hrauni 1839. Gjárrétt er fjallskilarétt og var lögrétt fram til 1920. Smalað var til hennar fram yfir 1940. Í réttina var fé smalað af nærliggjandi afréttum til sundurdráttar. Þessi viðburður í lífi fólksins fyrrum var oftast með miklum hátíðarbrag. Ungu fólkið safnaðist saman við réttina kvöldið fyrir, sumir gættu fjárens, sem komið hafði af fjöllum daginn áður, en aðrir vöktu og skemmtu sér. Var stundum slegið upp dansleik og seldar veitingar á Garðafliótum sem eru skammt frá réttinni. Kvað svo rammt af „gjálfinu“ að presturinn á Görðum bannaði þar allar skemmtanir um tíma. Skammt norðan réttarinnar er Vatnsgjá, sem var vatnsból réttarinnar og selja í grenndinni. Hún er alldjúp gjá eða sprunga í hraunbotni Búrfellsgjár. Gjáin er þröng og um 5-6 m. á dýpt.



